

MEGIN STÓÐ

BLAÐ MS-FÉLAGS ÍSLANDS

2. tbl. 2012 29. árg.



Efnisyfirlit

Frá skrifstofu	2
Styrkir til félagsins.....	2
Frá formanni	3
Félagsmálamaneskja með fjölbreytta starfsreynslu	5
Alþjóðlegi MS-dagurinn 2012....	6
Mælt með námskeiði fyrir nýgreinda.....	8
Dans- og myndlistarnámskeið fyrir konur	8
Námskeið á vegum MS-félags Íslands.....	9
Námskeiðin gera mikil gagn	10
Af erlendu samstarfi.....	12
Eins og að vera alltaf í krumpuðum sokkum.....	16
Sólskinsvitamínið	20
Hjálpártæki: Hækjur og fylgihlutir.	23
Rannsókn á áhrifum vitrænnar þjálfunar hjá fólk með MS	24
Af vetrarnámskeiðum og sumarbralli	26
Hæfileg ögrun er nauðsynleg	28



MeginStoð

2. tbl. 2012, 29. árg.

ISSN 1670-2700

Útgefandi:

MS-félag Íslands,
Sléttuvegi 5,
sími 568 8620, fax: 568 8621
netfang: msfelag@msfelag.is,
heimasíða: msfelag.is

Ábyrgðarmaður:
Berglind Guðmundsdóttir

Ritstjóri:
Páll Kristinn Pálsson

Auglýsingar:
Öflun ehf.

Umbrot og prentun:
Prentmet ehf.



Forsíðumyndina tók Páll Stefánsson

Frá skrifstofu

Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn laugardaginn 8. september kl. 13.00.

Fundurinn fer fram í húsnæði MS-félagsins, Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Til félagsmanna

Í vor sendum við út bréf til félagsmanna ásamt greiðsluseðli félags-gjalda. Tilgangurinn var að uppfæra upplýsingar í félagatali okkar, kanna áhuga félagsmanna á að fá MeginStoð sent í pósti og áhuga á sjálfboðastarfi í þágu félagsins. Síðast en ekki síst er mikill ávinningur í að geta aðgreint félagsmenn okkar eftir tegund félagsaðildar svo hægt sé að senda út kannanir, tilboð og námskeið o.p.h. með mun markvissari hætti en áður.

Við þökkum öllum þeim, sem brugðust skjótt við og eru þegar búinir að senda okkur svar, kærlega fyrir hjálpsemina og hvetjum jafnframt alla þá, sem eiga það eftir, að fylla formið út og senda okkur til baka í umslaginu merkt „svarsending“. MS-félagið greiðir burðargjaldið.

Við munum svo bráðlega hefjast handa við skráningu upplýsinganna og mega þeir, sem merktu við áhuga á sjálfboðastarfi fyrir félagið, eiga von á símhringingu með haustinu.

Styrkir til félagsins

Félagið Svölurnar færðu MS Setrinu axlaræfingatæki og stoðir á salerni. Svölurnar, félag starfandi og fyrrverandi flugfreyja/bjóna, hafa verið öflugur bakhjarl MS-fólks í gegnum árin og gefið mörg tæki til starfseminnar.



ATLANTSOLIA
STYRKIR MS-FÉLAG ÍSLANDS

Frá formanni

Kæru félagar.

Þegar litið er yfir vorönnina er efst í huga mér fráfall okkar ástsæla taugalæknis Sverris Bergmanns. Sverrir vann að hagsmunum félagsins af hugsjón og vann þrekvirki í gagnaöflun um sjúkdóminn á Íslandi.

Starfið var öflugt á vorönn, námskeið, kynningarfundir og skemmtun. Alþjóðadagurinn í maí var vel sóttur og fólk naut dagsins og þeirra skemmtiatriða sem voru í boði. Það er alltaf gaman að sjá húsið fyllast af fólkí á öllum aldri. Ein fjögurra ára hnáta lýsti því yfir að það væri æðislega gaman, þetta eru bestu meðmæli sem hægt er að fá. Í tilefni alþjóðadagsins fór félagið í kynningarherferð með yfirschriftinni 1000 andlit MS. Birtust í blöðum og á vefmiðlum lýsingar á einkennum MS. Þessi nálgun á einkennum MS vakti marga til umhugsunar um sjúkdóminn, því mörg einkenni eru ekki sýnileg og erfitt að lýsa. Ég er þakklát öllu því fólkí sem lagði verkefninu lið og aðstoðaði við að miðla efninu.

Í febrúar var kynningarfundur um fyrirbyggjandi MS-lyfið Gilenya, en það er fyrsta lyfið í töfluformi. Sóley Práinsdóttir taugasérfaðingur flutti greinargott erindi um virkni lyfsins, kosti og galla. Í fyrstu er lyfið ætlað þeim sem hætt hafa á Tysabri vegna aukinnar hættu á heilabólgu. Þeir sem hættu fyrst á Tysabri, eru búnir að vera lyfjalausir í einhværn tíma sem er mjög bagalegt, því þessir einstaklingar eru með mjög virkan sjúkdóm. Það er ekki einungis að fólkí hraki líkamlega, andlega álagið er einnig mjög mikil. Nokkurra mánaða bið eftir lyfi getur verið langur tími fyrir þá sem eru með MS. Eitt kast getur skilið eftir líkamlega fötlun sem ekki gengur til baka.



Berglind Guðmundsdóttir.

Læknar og sjúklingar gerðu ráð fyrir að lyfið yrði aðgengilegt í byrjun árs. Það kom svo í ljós að Sjúkratryggingar Íslands gerðu ekki ráð fyrir fjármögnun lyfsins á þessu ári. Sáralítill munur er á kostnaði Tysabri og Gilenya, innan við 50 þúsund krónur á mánuði og er þá ekki tekið tillit til jaðarkostnaðar. MS-félagið hefur frá því í byrjun árs vakið athygli á þessu óréttlæti og rætt við yfirvöld og unnið að því að þoka þessu baráttumáli áfram. Það er ansi hart að þurfa að draga sjúklingsu í fjölmörla til að vekja athygli á þeirri

þjónustu sem okkur ber samkvæmt lögum. Það virðist því miður vera okkar úrræði þegar ný lyf koma á markað. Barátta MS-félagsins fyrir bestu meðferð fyrir okkar fólk hefur vakið athygli og finnum við vel fyrir stuðningi almennings. Þær gleðifréttir bárust okkur svo þann 11. júlí að Sjúkratryggingar Ísland hefðu samþykkt greiðsluþáttöku og fljótegla gætu fyrstu sjúklingarnir fengið lyfið. Ég þakka þeim sem lögðu félagini lið í baráttunni við að fá Gilenya innleitt. Fleiri ný MS-lyf eru í þróun og vonandi fá MS-sjúklingar að njóta þeirra sem fyrst. Því miður virðist miða hægt í þróun lyfs gegn síversnun.

Haustið lofar góðu í starfi félagsins, námskeið og ýmis fræðsla verður í boði. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn til félagsins í ágúst, Kolbrún Stefánsdóttir, og býð ég hana velkoma til starfa. Ég þakka Berglindi Ólafsdóttur fráfarandi framkvæmdarstjóra vel unnin störf og gott samstarf á liðnum árum og óska henni vel-farnaðar í nýju starfi.

Ég afar þakklát öllum sem hafa lagt okkur lið, fjárhagslega og með ýmsum öðrum hætti. Stuðningur almennings og félagasamtaka gera okkur kleift að halda úti öflugu starfi.

Berglind Guðmundsdóttir

Spjallhópar

**Minnum á spjallhópastarf víða um land. Reykjavík, Akureyri,
Vestmannaeyjar, Suðurnes, Akranes, ofl.**

Sjá nánar á heimasíðu félagsins

Sverrir Bergmann



20. janúar 1936 – 26. janúar 2012

Kveðja frá MS-félagi Íslands og MS-Setrinu

Það er ávallt erfitt að heyra af andláti fólks, ekki síst vina, félaga og þeirra sem eru okkur nálægir og kærir. Hann Sverrir okkar Bergmann var okkur MS-fólk þetta allt í senn og síðast en ekki síst læknirinn sem við treystum svo vel. Það er mjög sárt að horfast í augu við það að hann sé farinn.

Upp í hugann koma ótal hugsanir og þær flestar egingjarnar: Hver kemur í hans stað í MS-félagið og MS-Setrið og greiðir úr ótal vandamálum tengdum okkur sjúklingunum? Hver fjallar á sinn hlýja og kankvísa hátt um daginn og veginn og enska boltann? Hver skrifar vísingadreinar í blaðið okkar? Hver ferðast með okkur um landið, hittir MS-fólk og ættingja þess og miðlar af sinni yfirgripsmiklu þekkingu og reynslu um sjúkdóminn og meðferðir hans? Hver getur verið okkur til halds og trausts eins og Sverrir? Það er sannarlega vandfyllt það skarð sem hann skilur eftir sig.

Segja má að Sverrir hafi verið blanda af sveitastránum frá Flatey, taugasérfræðingnum frá Queen Square og heimsborgara.

Eftir sérfræðinám sitt 1971 kom Sverrir strax að málafnum MS-félagsins og var formaður þess á árunum 1973-1978. Hann varð fljótega einn af helstu taugasérfræðingum landsins með afburðaþekkingu á MS. Frá árinu 2004 var hann sérlegur læknisfræðilegur ráðgjafi MS-félagsins og læknir MS-Setursins og tók á móti sjúklingum í húsi félagsins.

Sverrir var þeim kostum búinn að kunna að hlusta á sjúklinga og skilja þá og okkur leið alltaf betur eftir að hafa talað við hann. Hann sinnti skjólstæðingum sínum af mikilli kostgæfni, vildi hvers manns götu greiða og lét einskis ófreistað að hjálpa þeim sem til hans leituðu.

Sverrir gegndi trúnaðarstörfum fyrir MS-félagið á erlendum vettvangi þar sem hann naut mikillar virðingar vegna viðtækrar þekkingar sinnar, frjórrar hugsunar og alkunnrar vinnusemi. Á árunum 2007-2009 vann hann að rannsókn á vegum Evrópusambands MS-félaga þar sem tíðni MS og heilbrigðis- og félagsleg þjónusta var rannsóknarefnid. Meðan á rannsókninni stóð hitti hann og talaði við nær allt MS-fólk á Íslandi.



Sverrir Bergmann.

Leit að orsök MS var Sverri ætíð hugleikin. Á fundum sagði Sverrir stundum frá því þegar Kjartan R. Guðmundsson, fyrrv. yfirlæknir og stofnandi MS-félagsins, kom til Guðs og spurði um orsök MS-sjúkdómsins. Við svarið hváði Kjartan og sagði: „Var þetta svona einfalt?“ Nú veit Sverrir!

Sverrir var kjörinn heiðursfélagi MS-félagsins 2008 og sæmdur hinni íslensku fálkaorðu 2011 fyrir störf í þágu MS-sjúklinga og á vettvangi heilbrigðismála.

Við erum öll hrygg og beygð eftir óvænt fráfall þessa góða læknis og vinar en það væri ekki í anda Sverris að sitja lengi í sárum heldur að byggja á því sem vel hefur gefist; samheldni, fagmennsku, vinnusemi, umhyggju, virðingu og vísingadlegri þekkingu. Þannig skulum við halda ótrauð áfram og heiðra minningu þessa mæta manns.

Eiginkonu hans Unni Þórðardóttur, börnunum Yrsu og Ými, barnabörnum og aðstandendum færum við okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Berglind Guðmundsdóttir,
Bergþóra Bergsdóttir,
Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Félagsmálmanneskja með fjölbreytta starfsreynslu

Nýr framkvæmdastjóri hefur tekið til starfa hjá MS-félagi Íslands. Hún heitir Kolbrún Stefánsdóttir og er 62 ára gömul.

Kolbrún er fædd og uppalin á Raufarhöfn. Hún bjó þar til 40 ára aldurs, giftist og eignaðist tvær dætur, gegndi margvíslegum störfum og sat í sveitarstjórninni í áratug. Kolbrún var um langt árabil útibússtjóri hjá Landsbanka Íslands, bæði í útibúum á landsbyggðinni og í Reykjavík. Hún var framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra um fimm ára skeið, en nú síðast fjármálastjóri SH hönnunar.

Hvað kom til að hún sótti um starfið hjá MS-félagini?

„Ég vissi af MS-félagini eins og flestir gera og þekki fólk með MS-sjúkdóminn. Eftir starf mitt hjá Sjálfsbjörg hef ég mikinn áhuga á málefnum fatlaðs fólks og vildi starfa meira á því svíði. Reyndar glíma ekki allir með MS við fötlun, en þó margir sem leita eftir þjónustu félagsins. Núna hef ég kynnt mér starfsemi þess, skoðað aðstöðuna á Sléttuveginum og líst mjög vel á hana og hef trú á því að þar verði skemmtilegt og gefandi að starfa. Þetta er ekki stórt félag í sjálfu sér en samt með svona gifurlega öfluga starfsemi.“

Kolbrún segir eðlilega of snemmt að tjá sig um hvort koma hennar boði einhverjar breytingar á starfi félagsins – en er hún stjórnsöm?

„Mér er sagt að ég sé það, en mér finnst það ekki sjálfri. Ég er ekki manneskja sem þarf að ráða öllum hlutum, en get staðið fast á skoðunum sem ég er sannfærð um að séu réttar. Ég held ég sé mjög samstarfsgóð og tek alltaf tillit til skoðana og þarfa annarra. Ég hef gegnt stjórnunarstöðum nánast allan minn starfsferil, alla vega síðustu 30 árin, og er vön því að bregðast við hlutum og taka ábyrgð á því sem gert er.“



Kolbrún Stefánsdóttir. „Legg mikið upp úr því að vinna með fólk.“

Stjórnunarstörf snúast mikið um að bera ábyrgð, taka af skarið í ákvarðanatöku, gera það sem þarf að gera í hinum ýmsu málum sem koma upp í starfsemi fyrirtækis eða félags sem maður starfar fyrir. Í því felst gjarnan einnig að koma með hugmyndir og tillögur að framkvæmdum og sjá til þess að þær verði að veruleika. En ég get líka alveg unnið eftir línum sem aðrir hafa lagt, þótt ég myndi kjósa að gera hlutina eitthvað öðruvísi ef ég fengi ein að ráða. Ég legg mikið upp úr því að vinna með fólk, ekki vinna með það, það er talsverður munur á því.“ ■

Fylgist með fréttum af viðburðum og námskeiðum á heimasíðunni
www.msfelag.is

Alþjóðlegi MS-dagurinn 2012

Alþjóðadagur MS var haldinn í fjórða sinn miðvikudaginn 23. maí síðastliðinn. Yfirkriftin að þessu sinni var 1000 andlit MS, þar sem áherslan var lögð á fjölbreytileika einkenna sjúkdómsins. Berglind Guðmundsdóttir, formaður félagsins, sagði í ávarpi sínu frá öllum þeim einkennum sem hún hefur þurft að kljást við um dagana og MS Setrið var með opið hús í vinnustofu og sjúkrapjálfun, þar sem fólk gat upplifað hvernig einkenni hafa áhrif á daglegt líf, svo sem með því að fletta dagblöðum með lopavettlingum, horfa í gegnum gleraugu smurð vaselíni og ganga með poppmaís í skónum.

MS-félagini voru einnig færðir veglegir styrkir frá Svölunum, félagi starfandi og fyrrverandi flugfreyja/þjóna og Kiwanisklúbbnum Eldborg. Skemmtiatriði voru ekki af verra taginu, Stebbi og Eyfi fluttu nokkur af sínum þekktustu lögum og félagar í Sirkus Íslands buðu upp á fjarug og djörf atriði, sem vöktu ekki síst kátinu meðal yngstu gestanna.



MS-félagið vill koma þökkum á framfæri til þeirra fjölmörgu aðila sem gerðu þennan góða dag mögulegan, s.s. Atlantsolíu, Emmessís, Nóa-Sírius, Byko, Stebba og Eyfa að ógleymdu sjálfbodaliðum og starfsfólk. ■



Landsvirkjun

66°
NORDUR

BYKO
BÚDU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012
5

Af Gilenya og dráttarvél

Viðtal Páll Kristinn Pálsson

Jón Valfells býr í Sviss. Hann hefur glímt við MS-sjúkdóminn í rúman áratug, og er með fyrstu Íslendingum til að nota nýja lyfið, Gilenya, sem loks hefur fengist samþykkt hér á landi.

„Ég gerði það í samráði við taugalækninn minn,” segir Jón í spjalli við MeginStoð þegar hann heimsótti Frónið nú í sumar. „Hann vildi að ég hætti á Tysabri síðasta sumar vegna þess að ég er í þeim hópi sjúklinga sem á það á hættu að fá heilabólgu af því lyfi. Gilenya var samþykkt af yfirvöldum í Sviss haustið 2010, en það þurfti að líða nokkur tími frá því ég hætti á Tysabri þangað til ég gat byrjað á Gilenya, hjá mér voru það sem sagt um sex mánuðir. Ég þurfti líka að fara í ýmsar skoðanir, til húð-sjúkdómalæknis, augnlæknis og í hrifrit í nokkur skipti áður en ég byrjaði. Og í fyrsta skipti sem ég tók síðan töflu var það undir eftirliti á spítala. En það gekk allt vel og ég hef bara tekið mína daglegu pillu síðan.“

Og hvernig hefur Gilenya virkað á þig?

„Ég hef ekki fundið fyrir neinum sérstökum aukaverknum, þetta hefur bara verið eins og venjulega.“

En hvernig hafði þér gengið á Tysabri?

„Ég hafði ekki upplifað neinar meiriháttar breytingar, hvorki jákvæðar eða neikvæðar. En þegar ég hætti að taka það, þá komu í ljós við segulómun tvær alvarlegar bólger í heilanum, en mér skilst að það sé algengt hjá þeim sem hætta á lyfinu. Ég fann ekkert fyrir þeim líkamlega, þær komu bara fram í segulómuninni. En

þetta bendir til þess að Tysabri hafði haft þau jákvæðu áhrif að halda bólguum í skefjum uns ég hætti á því.“

Hvernig hefur sjúkdómurinn þróast hjá þér á undanförnum árum?

„Ég fékk alltaf kost á um það bil 18 mánaða fresti, mjög reglulega frá því sjúkdómurinn uppgötvaðist hjá mér um aldamótin. En ég hef ekki fengið nein slæm kost frá því í maí 2007, en svo byrjaði ég á Tysabri ári seinna. Kannski er það vegna þess að ég er orðinn það fatlaður að ég tek ekki lengur eftir smávægilegum breytingum á ástandi mínu, eins og ég gerði áður þegar ég fór á skíði, stundaði líkamsrækt og annað slíkt. Nánast frá upphafi var ég á interferónlyfinu Rebif, stærri skammtinum, 44 mikrógrömmum sem ég tók þrisvar í viku. Núna vona ég bara að Gilenya haldi hlutunum í skefjum. Ég fer næst í skoðun í nóvember, þá verð ég búinn að vera á lyfinu í eitt ár, og þá ætti að koma í ljós hvaða gagn ég hef af því. En stóra breytingin fyrir mig var að ofurbreytan, sem ég hafði alltaf haldið að stafaði af emmessinu, hún hvarf þegar ég hætti á interferóni áður en ég byrjaði á Tysabri. Það hafði mikil áhrif á lífsgæðin að losna við hana.“

Í sumarheimsókn Jóns í ár vakti talsverða athygli meðal MS-fólks rafdrifið dráttartæki sem hann tengir við hjólastólinn sinn og eru þá flestir vegir færir utandyra.

„Þetta tæki hefur breytt miklu í mínu daglega lífi,“ segir hann. „Ég var hættur að keyra bíl, tók sjálfur þá ákvörðun því ég fann að viðbrögð míni voru ekki lengur sem skyldi í umferðinni. Við það einangraðist ég dálítið, var minna á ferðinni en áður. Ég skoðaði ýmsa möguleika, svo sem rafmagnshjólastóla, en kosturinn við þessa græju, sem kallast Swiss Track, er að ég er alltaf á mínum gamla góða hjólastól og tengi vélina með auðveldum hætti við hann þegar ég þarf á henni að halda. Hún gerir mér líka kleift að fara út fyrir malbikið, ég þarf ekkert alltaf að vera á sléttu undirlagi. Vélin ræður við töluverðan halla, svona 20-30% halla, sem er eins og góður hóll í sveitinni. Ég hafði hlakkað mikið til að prófa hana hér á Íslandi, var viss um að hún hentaudi vel aðstæðum hér á landi, og það gerði hún. Ég fór til dæmis upp á Dyrhólaey og þar um kring, meðal annars í ósinn, var í blautum sandi og allt gekk vel. Svo eru reiðhjólastígarnir í Reykjavík alveg frábærir og ég búinn að fara eftir þeim um borgina þvera og endilanga.“

Hvað kostar vélin?

„Ég óttaðist fyrst að hún væri dýr, en hún kostar ekki meira en rafmagnshjólastólar og aðrar rafdrifnar græjur. Þessi sem ég er með kostar um eina og hálfu milljón krónur íslenskar. Og hún er hverrar krónu virði,“ segir Jón að lokum, sem kveðst vita um nokkra íslenska MS-sjúklinga sem eru að spá í að fá sér svona vél. ■



Swiss Track-vélin reyndist Jóni vel í íslenskri náttúru.

Mælt með námskeiði fyrir nýgreinda

Eftir Njörður Helgason

Námskeið fyrir nýgreinda með MS eru reglulega haldin á vegum MS-félagsins. Undirritaður sótti eitt slíkt á dögum og langar að deila þeirra reynslu með lesendum blaðsins, ekki síst þeim sem hafa ekki farið á þetta námskeið.

Á námskeiðinu skiptast þátttakendur á um að segja frá reynslu sinni af MS og svara spurningum um upplifun sína. Sú reynsla fólks er mjög misjöfn enda er MS sjúkdómur með þúsund andlit. Mjög fáir eru með samskonar einkenni sjúkdómsins. Fyrir fólk sem er nýgreint með MS er það fræðandi og lærðómsríkt að fá lýsingu á því hver einkennin voru sem kveiktu áhuga lækna á því hvað þau gætu þytt.

Það kom ekki síður fram að upplifun fólks af sjúkdómnum var misjöfn.

Í svona umræðum opnast nýjar víddir á sjúkdóminn og þátttakendur læra margt sem hægt er að nýta sér í því hvað hægt er að gera til að lifa betra lífi með MS. Upplýsingar um mataræði, hreyfingu og daglegt líf varð til fróðleiks um hvernig best sé að bregðast við



Njörður Helgason

einkennum sjúkdómsins og vinna með þau.

Þegar hópur situr við sama borð er flæði upplýsinga opið. Þá verður líka greiðara að spurja um það sem hefur brunnið á fólk og hingað til hefur ekki verið hægt að spyra um. Þetta gerir að verkum að margt er rætt á svona námskeiði sem fólk gefst annars ekki tæki-færi til að ræða.

Námskeiðið fyrir nýgreinda með MS er þannig óskaplega lærðómsríkt, bæði efnislega og félagslega. Margar leiðir opnuðust og það sem ekki er síst af því að sitja svona námskeiðið er ánægjan af því að kynnast fólkini og að heyra um upplifun þess.

Félagsskapurinn lifir áfram að námskeiði loknu. Hluti okkar sem sáum námskeiðið höfum hist eftir það og höldum áfram að miðla reynslu til hvert annars. Við stefnum að því að hópurinn hittist á komandi vetr til að halda áfram þessum góða félagsskap sem varð til á námskeiðinu. ■

Nýtt námskeið

Dans- og myndlistarnámskeið fyrir konur

4 vikna vinnustofa í haust hjá Alexöndru Litaker

Um er að ræða myndlist og skapandi hreyfingu eða dans fyrir konur sem eru með MS-greiningu og konur sem eiga aðstandendur með sjúkdóminn.

Með því að nota líkamsvitund og líkamsæfingar er hægt að kenna hreyfingu, dans og myndlist á skapandi og ánægjulegan hátt og minnka streitu, tengjast

líkamsvitund, auka vellíðan og skapa samfélag þar sem hægt er að kenna persónulega tjáningu í myndlist í stuðningsríku og velviljuðu umhverfi.

Tímarnir og dansinn verða sniðnir að líkamlegum þörfum þátttakenda í samræmi við MS-einkenni þeirra.

Tími: Tveir tímar á viku, þriðjudaga kl. 17-19 og laugardaga kl. 12-14. Námskeiðið hefst 11. september og stendur til 6. október.

Þátttakendur: Allt að 10 konur.

Leiðbeinandi: Alexandra Litaker, listamaður, dansari og masters nemi við Listaháskóla Íslands.

Skráning: Á skrifstofu í síma 568 8620 eða með tölvupósti msfelag@msfelag.is



Námskeið á vegum MS-félags Íslands

Öll námskeiðin eru í boði veturninn 2012 – 2013, með fyrirvara um að lágmarksþátttaka náist. Ítarlegri lýsingar má finna á heimasíðunni www.msfelag.is. Skráning og allar nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 568 8620 eða með tölvupósti msfelag@msfelag.is.

Námskeið	Fyrir hverja?	Markmið	Stutt lýsing	Umsjón
Jafnvægis-námskeið	MS-fólk sem er fært um að ganga með eða án göngu-hálpártækja	Þjálfun á jafnvægi, stöðu og hreyfistjörn, krafti mataræði, sjöfæði, trú, meðvirkni, orkustöðvar ofl. Yoga er heildraen visindi.	Tveir námskeiðshópar, fimmudagar kl. 16-17 eða kl. 17-18. Tímar á þriðjudögum kl. 16-17 með áherslu á úthald. BYRJAR 4. SEPTEMBER!	Sjúkrabjálfarar frá tauga- og endurhæfingarsviði Reykjalandar.
Yoga	Félagsmenn	Iðka og fá fræðslu um yoga, heimspeki, mataræði, sjöfæði, trú, meðvirkni, orkustöðvar ofl. Yoga er heildraen visindi.	Námskeiðið er þrisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga kl. 16.15-17.30 og laugardaga kl. 9-10.15 eða kl. 10.30-11.45. BYRJAR 8. ÁGÚSTI!	Birgir Jónsson, Ananda Yoga
Námskeið fyrir nýgreinda	MS-fólk með tiltölulega nýja greiningu (6 man til 3 ár)	Fræðast um sjúkdóminn, kynnast öðrum með sjúkdóminn og fá stuðning.	Námskeiðið byggist upp á fræðslu og umræðum og er í 6 skipti í 2 kist. Í semn. Fjöldi þátttakenda er 6 til 8.	Margrét Sigurðardóttir félags- og fjölskylduráðgjafi.
Makanámskeið	Maka MS fólks	Fá fræðslu, deila reynslu og hitta fólk í svipaðri stöðu.	Námskeiðið byggist upp á fræðslu og umræðum og er í 5 skipti í 2 kist. Í semn. Fjöldi þátttakenda er 6 til 8.	Sigriður Anna Einarsdóttir félags-, fjölskyldu- og hjónaráðgjafi.
Virkni og velliðan	MS-fólk með eldri greiningu (+5 ár)	Fá fræðslu, taka þátt í umræðum, stuttum verkefnum og setja sér markmið til að örðlast meiri lífgæði og velliðan.	Námskeiðið byggist upp á fræðslu og umræðum og er í 6 skipti í 2 kist. Í semn. Þátttakendur eru 6 til 8.	Margrét Sigurðardóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi.
HAM - hugræn aferralsmeðferð	MS-fólk	Tileinka sér hugsun og hegðun sem bætir aðstæður og líðan.	Námskeiðið er víkulega í 12 í vikur, með 2 mánaðartlegum upprifjunartínum.	Pétur Hauksson, geðlæknir
Foreldranámskeið	Foreldri/a sem eiga upphörin eða yngri börn með MS-sjúkdóminn	Fá fræðslu, ræða og miðla reynslu sinni og kynnast öðrum foreldrum í svipudúum aðstæðum.	Námskeiðið byggist á fræðslu og umræðum og stendur yfir einn laugardag kl. 10-15.	Margrét Sigurðardóttir og Sigríður Anna Einarsdóttir félags- og fjölskylduráðgjafar
Námskeið fyrir börn MS-fólk	Börn MS-fólk á aldrinum 8 - 14 ára	Veita börnum MS-fólk tækifæri til að hitta börn í sömu stöðu í skipulögðu og skemmtilegu umhverfi. Ræða við jáfnaldra sína um og fá insýn í hvernig hægir er að takast á við margbreytilegar aðstæður og fá fræðslu.	Námskeiðið er heldið um helgi, kl. 11-15 báða dagana, með eftirfygni einn eftirmiðdag. Námskeiðið er byggt upp á aðslappandi hátt með ákvæðnu skemmtigildi og byggist á fjölbreyttum umræðum og verkefnavinnu.	Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og Hanna Björnsdóttir félagsráðgjafi og MA í fötlunarfræðum.
MS, konur og kynlif MS, karlar og kynlif	Konur með greiningu um MS-sjúkdóm Karlar með greiningu um MS-sjúkdóm	Fá fræðslu um MS og nánin samskipti, bein og óbein áhrif MS á kynlif og kynsvörurn og nýverandi bekkingu á því svíði. Fræðast um leiðir til úrbóta og hugtakið „gott kynlif“.	Námskeiðin byggist á fyrilestrum, stuttum verkefnum og umræðum. Í upphafi námskeiðs verður farið í námskeiðsreglur sem auðveldar þátttökum.	Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur.
Minnisnámskeið	MS-fólk	Takast á við minnisserfdeleika með því að deila reynslu og vinnu saman að því að finna lausnir.	Námskeiðið er í 6 skipti ásamt einum tíma í eftirfygni nokkrum vikum síðar.	Claudia Ósk H. Georgsdóttir taugasálfraðingur.
Dans- og myndlistarnámskeið fyrir konur	Konur með MS-greiningu og konur sem eiga aðstandendur með MS	Minnka streitu, tengjast líkamsvitund og auka velliðan.	Mundlist, skapandi hreyfing og dans tvívar í viku, þriðjud kl. 17-19 og laugard kl. 12-14 Hefst 11. september og stendur til 6. október.	Alexandra Lítaker, listamaður, dansari og kennari og mastersnemi

Námskeiðin gera mikið gagn

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Margrét Sigurðardóttir félagsráðgjafi hefur starfað fyrir MS-félagið í tæpa two áratugi. Fáir hafa eins mikla reynslu af málefnum MS-fólks, en á þessum tíma hefur svo ótal margt breyst og framfarir orðið á flestum sviðum sem tengjast sjúkdóminum, bæði læknisfræðilega og félagslega.

„Það er óhætt að segja að verkefnin hafi verið fjölbreytileg og áhugaverð,“ segir Margrét þegar hún lítur yfir tíma sinn hjá MS-félaginu. „Ég get nefnt sem dæmi um verðug verkefni að koma á fót fjölskyldupjónustu þar sem einstaklingum með MS-sjúkdóminn, pörum og öðrum fjölskyldumeðlimum gefst kostur á ráðgjöf og meðferð. Önnur verkefni hafa m.a. verið mat á félagslegum aðstæðum fólks, mat á sálfélagslegum þörfum þess og fjölskyldum þeirra, ráðgjöf og skipulagning þjónustu og réttindamál. Á sama tíma hef ég unnið fyrir MS Setrið, sem er dagdeild og endurhæfingarmiðstöð fyrir fólk með MS, en verið á sama tíma í starfi fyrir Landspítala – háskólasjúkrahús á endurhæfingardeild taugasjúkdóma á Grensási.“

Þegar veröldin hrynnur

Margir eiga erfitt eftir greiningu MS, ekki satt?

„Jú, oft verður fólk fyrir gríðarlega miklu áfalli og segja má að veröldin hreinlega hrynni hjá mörgum. Fólk sér gjarnan sjúkdóminn í sinni verstu mynd og finnst allt búið. Þess vegna þarf að vera gott aðgengi að þjónustu fagfólks. Oft getur það skipt sköpum fyrir einstaklinginn og jafnvel komið í veg fyrir depurð eða þunglyndi.

Í MA ritgerð minni um félaglegar aðstæður og aðlögun fólks með MS, sem kom út 2004, var spurt um tilfinningaleg viðbrögð við greiningu MS og sýndu svörin berlega þá ógn sem einstaklingum finnst þeir í einni svipan standa frammi fyrir með óljósum framtíðarhorfum. Það er ekki síst þess vegna sem mikilvægt er að fólk eigi greiðan aðgang að stuðningi fjölskyldu sinnar, vina og fagfólks og geti síðar átt kost á úrræðum í formi námskeiða.“

Margrét átti stóran þátt í því að MS-félagið hefur um langt árabil staðið fyrir námskeiðum, bæði nýgreinda og fólk með eldri greiningu. Og hún hefur jafnframt haft umsjón með mörgum þessara námskeiða.



Margrét Sigurðardóttir

„Það var ýmislegt sem hafði áhrif á að ég kom með þá hugmynd til MS-félagsins að fara af stað með námskeið fyrir nýgreint fólk með MS-sjúkdóminn. Einstaklingar sem haldnir eru MS-sjúkdóminum hafa á síðustu árum sótt sér fræðslu í mun meira mæli en áður, enda er nú m.a. auðveldara að nálgast fræðsluefnii eftir að Internettið kom til sögunnar. Um leið hefur umræðan orðið opnari og fólk sækist eftir að fá frekari fræðslu frá hinum ýmsu fagstéttum. Þá skiptir það máli að tækninýjungrar í læknavísindum fyrir rúnum áratug gerðu það mögulegt að greina sjúkdóminn fyrr. Fyrir vikið hefur meðalaldur þeirra sem fá greiningu lækkað frá því sem áður var. Ég kynntist því í starfi mínu að nýgreindir og ekki síst ungt fólk var í mikilli þörf fyrir að fá fræðslu og stuðning og vildi fá tækifæri til að hitta aðra með sjúkdóminn.

Námskeiðið „Virkni og vellíðan“ er síðan nýlegt námskeið fyrir fólk sem hefur haft MS-greiningu í fimm ár eða lengur. Markmiðið er að fólk fái fræðslu, taki þátt í umræðum og fái stuðning til þess að öðlast meiri lífsgæði og betri líðan.“

Hitta fólk með svipuð vandamál

Hver er helsti ávinnungur fólkis við að taka þátt í námskeiðum fyrir nýgreinda?

„Almennt er álitið að þátttaka í stuðningshópi eða námskeiði geti verið gagnlegt úrræði fyrir fólk með langvinna sjúkdóma. Enginn geti skilið betur það sem einstaklingur með MS er að ganga í gegnum en fólk sem haldið er sama sjúkdómi, og er þá ekki litið til hinna mismunandi birtingarforma sjúkdómsins né á hvaða hátt hann hefur þróast. Það gildir einu hvaða form stuðningshópar hafa, umræður í þeim einkennast af

reynslu fólks sem er að glíma við sama sjúkdóm og mikill skilningur ríkir, en það er yfirleitt mjög jákvæð reynsla fyrir þátttakendurna. Í lok námskeiða fyrir nýgreinda svarar fólk ávallt spurningalista frá leiðbeinendum um námskeiðið, kosti þess og galla og hvort námskeiðið hafi uppfyllt væntingar þess. Flestir þátttakendur hafa lýst yfir ánægju sinni með námskeiðin og stundum hafa komið fram nýjar hugmyndir sem hægt hefur verið að nýta fyrir næstu námskeið.

Einn megintilgangur námskeiðanna er að veita fræðslu og gefa fólk tækifæri til að deila reynslu sinni, fá stuðning frá leiðbeinendum og hvert frá öðru. Álitid er að jákvætt geti verið fyrir líðan fólk að fá tækifæri til að ræða opinskátt um sín mál og hlusta á hvað aðrir hafa að segja um eigin reynslu. Að fólk hjálpi hvert öðru við að takast á við sjúkdómsgreininguna og aðlagast henni. Fræðsla er að miklu leyti í höndum leiðbeinenda, oftast félagsráðgjafa, en aðrir fagaðilar sem flutt hafa fræðsluerindi eru taugasérfræðingur, hjúkrunarfræðingur, iðjupjálfari og sjúkraþjálfari. Auk þess er í upphafi námskeiða óskað eftir hugmyndum frá þátttakendum um annað efni ef þátttakendum finnst eitthvað vanta.“

Hvernig er hlutfall kynjanna meðal þátttakenda í námskeiðunum?

„Lengi vel sóttu karlmenn þau lítið sem ekkert, en sí breyting hefur átt sér stað á síðustu 4-5 árum að karlmenn sækja nú námskeiðin í mun meira mæli en áður. Sennilega eru hlutföll kynja á námskeiðunum ekki ósvipuð og þeim sem eru með MS, en algengara er að konur fái sjúkdóminn en karlar, eða rúmar tvær konur á móti einum karli.“

Námskeið fyrir aðstandendur

Svo hafa einnig verið í boði námskeið fyrir nánustu aðstandendur, svo sem maka.

„Makanámskeið taldi ég einnig geta nýst mökum sem alloft voru illa uppfræddir og leið ekki vel og fengu oft líttinn sem engan stuðning. Það hefur þó breyst í tímans rás og finnst mér makarnir nú betur upplýstir en áður. Það getur meðal annars stafað af því að makar fara nú oftar með eiginmanni eða eiginkonu í viðtöl til læknis þar sem fást upplýsingar. Hin síðari ár hefur Sigríður Anna Einarssdóttir félagsráðgjafi alfarið séð um að halda makanámskeiðin.

Það skapar oftast aukaálag fyrir pör og fjölskyldur þegar annað para er haldið langvinnum sjúkdómi, sem hefur áhrif á sambandið. Í dag finnst mér fólk leita oftar

eftir ráðgjöf eða meðferð hjá mér eða öðru fagfólk, ekki síst ef að erfiðleikar eru fyrir hendi. Námskeið fyrir pör, sem hafa verið haldin yfir helgi, höfum við Sigríður Anna félagsráðgjafi haft umsjón með, en við erum báðar með sérnám í hjóna- og fjölskylduráðgjöf. Þegar hafa verið haldin fjögur námskeið, öll á hótelum úti á landsbyggðinni.

Nýjasta námskeiðið er námskeið fyrir foreldra sem við Sigríður Anna félagsráðgjafi héldum í vor. Aðdragandi að því námskeiði var að foreldrar höfðu sýnt áhuga á slíku námskeiði um eitthvert skeið og þegar búið var að auglýsa námskeiðið og nægilega margir voru skráðir, var því hrint í framkvæmd. Það tókst mjög vel.“

MS-fólk á landsbyggðinni

Fær fólk á landsbyggðinni næga þjónustu frá MS-félaginu?

„Í áðurnefndri rannsókn minni kom greinilega fram að þörf er fyrir mun meiri þjónustu fyrir fólk sem býr á landsbyggðinni frá MS-félaginu. MS-félagið brást skjótt við þeiri áskorun og hafa þegar verið haldin nokkur námskeið fyrir fólk af landsbyggðinni í húsi félagsins við Sléttuveg. Samt hefur ekki náðst til þeirra sem búa lengst frá höfuðborginni og mætti kanna hvort hægt væri að halda námskeið í þeim landshlutum ef áhugi er á slíku.“

Hver eru brýnustu verkefnin í næstu framtíð að þínu mati?

„Ég tel að hlúa þurfi betur að nýgreindu fólk með MS og bjóða fjölbreytt stuðningsúrræði, efla fjölskylduþjónustuna enn frekar og bjóða í meira mæli viðtöl og meðferð fyrir einstaklinga, pör og fjölskyldur. Einnig er mjög mikilvægt að efla þjónustu við landsbyggarfólk. Halda áfram að bjóða upp á námskeið fyrir nýgreinda, fólk með eldri greiningu, fyrir maka og pör og foreldra-námskeið. Með því móti er hægt að fyrirbyggja margháttarélaika og koma í veg fyrir slæma andlega líðan. Einnig mættu vera meiri tengsl við taugalækningsadeildina í Fossvogi, en þess má geta að samstarf hefur verið fyrir hendi með miklum ágætum, en mætti samt auka að mínu mati. Gagnlegt gæti verið að MS-félagið stæði fyrir gera könnun á viðhorfi félagsmanna til þjónustu félagsins og hvaða úrbætur mætti gera. Siðan væri hægt að vinna út frá niðurstöðum könnunarinnar, sem ég tel að gæti verið árangursríkt í þeiri þróunarvinnu sem sífellt fer fram hjá MS-félaginu.“ ■

Af erlendu samstarfi

Eftir Berglindi Ólafsdóttur



Vorfundur norrænu
MS-félaganna var haldinn
í Barselóna í maí ásamt
ársfundi og vorráðstefnu
EMSP (European MS Platform).
Greinarhöfundur sótti fundina
fyrir hönd MS-félagsins.



Berglind Ólafsdóttir

Norræna MS-ráðið

Af vettvangi norræna ráðsins er það helst að fréttu að ráðið stendur fyrir gerð norrænnar skýrslu sem fjallar um heilbrigðispjónustu fyrir MS-fólk á Norðurlöndunum út frá sjónarholi sjúklingsins. Verkefnið er fjármagnað af lyfja-fyrirtækjum og styrktarsjóðum. Fyrsta fasa verkefnisins, sem samanstóð af margvíslegri upplýsingaöflun í löndunum fimm, er lokið og nú er vinnuhópur ráðsins að leggja línumnar fyrir rannsóknarfassann.

Tilkynnt var að Norræna ráðið hefði sett á stofn einfalda heimasíðu þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um samþykktir ráðsins, aðsetur o.p.h. Slóðin á heimasíðuna er <http://www.nhr.se/nmsr/>. Kynntar voru fyrstu niðurstöður norrænnar rannsóknar, s.k. TYNERGI rannsóknar, sem sýndu jákvæð áhrif Tysabri á breytu. Rannsóknin náði til 195 sjúklinga í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Austurríki og er von á ítarlegri niðurstöðum um áhrif á breytu og lífsgæði nú í haust og niðurstöðum um áhrif á atvinnuþáttöku næsta vor. Þemað á næsta fundi ráðsins verður D-vítamín fyrir MS-fólk og að lokum var ákveðið að Tom Grönberg frá Finnlandi tæki við formennsku til næstu tveggja ára, en aðsetur ráðsins verði áfram í Svíþjóð, þar sem starfsmaður þess hefur aðsetur.

Danmörk

Í Danmörku er virkur hópur MS-fólks undir fertugu, ATTAK. Heimasíða hópsins hefur nýlega verið uppfærð og einnig hefur hópurinn sett á stofn eigin facebook síðu. Hópurinn heldur árlega samkomu til að mynda tengsl milli yngra fólksins. Talsvert margir nýir þátttak-

endur voru með í ár og í haust stendur til að hafa fjölskylduhelgar á þremur stöðum í Danmörku. Nú þegar lítur út fyrir góða þáttöku í fjölskylduhelgunum.

Könnun meðal meðlima danska félagsins sýnir að allir meðlimir hafa áhuga á að fræðast um sjúkdóminn, en fjarlægðir á fundi geti skipt verulegu máli. Flestir vilja hafa fundina innan 100 km radíuss frá heimili sínu og því hefur danska félagið boðið upp á svæðisbundna fundi um alla Danmörku. Á hálfs árs fresti er skipt um þema á þessum fundum. Í vor var þemað líkamsþjálfun og í haust verður þemað nýjar rannsóknir. Á næsta ári verður fjallað um sveigjanlegan vinnutíma og breytingar á lífeyriskerfinu og „virkta líf með MS“.

Finnland

Finnska félagið hefur kosið sér nýjan formann. Ulla-Maj Wideroos var kjörin formaður félagsins til þriggja ára, 2012-2014. Bakgrunnur hennar er í sánska þinginu, í félags- og heilbrigðisnefnd ásamt Norræna ráðinu um málefni fatlaðra. Hún tekur við af Tom Grönberg sem hefur verið í formennsku síðan 1990.

Þemað hjá finnska MS-félagini árið 2012-2013 er „eins og fjölskylda“. Megininntakið er að MS-félagið er ekki eingöngu fyrir MS-fólk heldur einnig fólk með aðra sjaldgæfa taugasjúkdóma. Í finnska félagini eru um 500 manns með 30 ólíka sjúkdóma, fyrir utan fólk með MS.

Niðurgreiðslukerfi lyfja í Finnlandi er í endurskoðun. Eins og annarsstaðar er markmiðið að spara og auka skilvirkni.

Noregur

Í Noregi hafa yfirvöld komið fram með stefnuskjalið „Nevroplan 2015“. Ástæðan fyrir þessari stefnumótun er að fólk með taugasjúkdóma þarf sifellt fleiri sjúkrahússpláss og aðföng í heilbrigðiskerfinu. Í stefnumótuninni var reynt að hagræða og undirbúa sjúkrahúsin og sveitarfélögini til að geta boðið upp á betri þjónustu



á sem skilvirkastan hátt. Stefnuskjalið er hluti af stærra verkefni sem leggur meiri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu á sveitarfélög. Endurhæfing er eitt sviðið þar sem sveitarfélögjin koma til með að bera meiri ábyrgð, sem gæti leitt til betri þjónustu við MS-fólk.

Norska félagið fær stöðugt tilkynningar um börn sem greinast með MS. Félagið vinnur að því að bjóða þessum börnum þjónustu, s.s. jafningjastuðning fyrir foreldra, fjölskyldunámskeið, fræðslu til skóla og námskeið fyrir kennara.

Svíþjóð

Sænska félagið NHR (Neurologiskt handikappades riksförbund) býður nú upp á námskeið fyrir nýgreinda á netinu, sk. AVSTAMP. Námskeiðið er einkum hugsað fyrir þá sem búa á fámennum eða afskekktum svæðum og hafa ekki möguleika á að fara á slíkt námskeið.

Í tengslum við alþjóðadag MS voru birtar niðurstöður rannsóknar um hreyfingu með tengingu við atvinnubáttöku. Yfir 1200 manns svöruðu spurningalistanum og helstu niðurstöður voru þær að fimmti hver einstaklingur með MS hætti í vinnu vegna minnkaðrar hreyfigetu af völdum sjúkdómsins. Skýrsluna má finna í heild sinni á vef félagsins www.nhr.se/tuffa-villkor-for-ms-sjuka.

NHR hélt í vor fjórar ráðstefnur um spasma í taugasjúkdóum og gaf út bækling um sama efni. Að auki fór fram könnun á því hvernig MS-fólk upplifir spasma. 639 manns svöruðu og niðurstöðurnar voru þær helstar að 33% telja sig eiga við mikla spasma að stríða, 23% eiga daglega í vanda með spasma og 18% hafa leitað eftir meðferð við spasma.

NHR hefur litið til Danmerkur sem fyrirmynnar þegar kemur að sveigjanlegum vinnutíma. NHR berst nú fyrir innleiðingu danska kerfisins í Svíþjóð.

Vorráðstefna EMSP

Ráðstefna EMSP (European MS Platform) fjallaði að þessu sinni einkum um nýjungar á sviði læknavísinda viðkomandi MS-sjúkdómnum. Eins og áður var mestur áhugi á nýjungum í lyfjamálum og hélt Professor Alan Thompson efnismikinn fyrilestur um væntanlegar MS-meðferðir.

Thompson sagði að enn væri mikil þörf fyrir úrræði á mörgum sviðum, s.s. sjúkdómshamlandi meðferð, einkennatengda meðferð eða fyrirbyggjandi meðferð. Útlitið sé þó bjart þar sem verið sé að gera tilraunir með mjög mörg lyf.



Vorfundur norrænu MS-félaganna var haldinn í Barselóna.

Thompson fjallaði um Tysabri (Natalizumab) og aukna áhættu á heilabólgu (PML). Síðan það kom á markaðinn hefur áhættan aukist úr 1:1000 í 2,3:1000 og áhættan eykst enn meir eftir því sem fólk hefur verið lengur á lyfinu, ef það hefur áður verið á ónæmisbælandi lyfi eða lyfum og ef það ber í sér mótefni gegn JC vírusnum sem veldur heilabólgunni. Áhersla var lögð á að nú er hægt að greina betur þá sem eru í mestri hættu.

Thompson fjallaði einnig um lyfið Gilenya (Fingolimod). Eins og Tysabri þá hindrar lyfið köst. Lyfið hefur verið samþykkt fyrir fólk með mjög virkan sjúkdóm. Umræða hefur sprottið um öryggi lyfsins hvað varðar áhrif á hjarta- og æðakerfi, sýkingar og meinsemmdir (gögn sýna þó ekki tengsl við húðkrabba). Þegar þetta er ritað hefur notkun lyfsins enn ekki hafist á Íslandi.

Þá minntist hann á lyfið Fumarate, en tilraunir á lyfinu sýna að það er afdráttarlaus ávinningur af notkun þess. Lyfið virkar gegn bólgyum og hefur frumuverndandi áhrif. Það hefur verið notað við sórifasis. Þriðja fasa rannsóknin leiddi í ljós að lyfið hefur umtalsverð áhrif á tíðni kasta og dregur einnig úr síversnun. Samkvæmt Thompson eru niðurstöðurnar ansi tilkomumiklar og engar alvarlegar aukaverkanir af notkun lyfsins hafa komið fram. Ef svo fer fram sem horfir gæti notkun lyfsins hafist á næsta ári í Evrópu.

Rannsóknir á lyfinu Alemtuzumab, sem er virkilega öflugt og beinist að mörgum mismunandi frumum, hafa haldið áfram. Nýtt nafn lyfsins er Campath. Annars fasa rannsóknir sýndu öfluga virkni á nokkrum sviðum og það hafði talsverð áhrif á fötlunarstig og tíðni kasta.

Lyfið hefur einnig verið þróað enn frekar undir nafni Lemtrada og í þriðja fasa rannsókn þess var það



borið saman við Rebif. Rannsóknin var jákvæð og sýndi greinilegan ávinnung. Engin munur var þó á fötlunarstigi hvað varðar þessi tvö lyf. Þetta lyf gæti einnig komið á markaðinn á næsta ári. Aukaverkanir af notkun lyfsins eru þó talsverðar, s.s. skjaldkirtilstruflanir, áhrif á blóðflögur og auknar sjúkingar.

Fleiri lyf eru í rannsóknarfasa en of snemmt er að segja til um ágæti þeirra.

Últitið fyrir kasta / endurbata gerð MS er því bjart og mikil virkni á því sviði. En hvað um síversnunargerð sjúkdómsins? Margt MS-fólk hefur þessa gerð sjúkdómsins.

Rannsóknir á lyfinu Rituximab sýndu neikvæðar niðurstöður, en ef eingöngu er litið á þá sem höfðu merki um bólgyr þá sást mikill munur á síversnun. Þetta lyf getur mögulega verið mjög gagnlegt fyrir þá sjúklinga sem hafa mikla bólgyusvörun. Nauðsynlegt er að skoða hvað er að gerast hjá sjúklingum.

Verið er að rannsaka virkni lyfja eins og Natalizumab, Ocrelizumab, Fingolimod, Laquinimod o.fl. gegn síversnunarforminu.

Mar Tintoré, MD, PhD, ráðgjafi við Vall d'Hebron háskólasjúkrahúsið, hélt áhugavert erindi um kynjamun í MS – áhrif kvenhormóna, meðgöngu og brjósttagjafar á MS. Hún fjallaði um áhrif kvenhormóna og kynjahlfall í sjúkdómnum. Fleiri konur en karlar hafa sjúkdóminn, en karlar eru líklegri til að hafa síversnunarform sjúkdómsins.

Hún fór einnig yfir margar algengar spurningar, s.s. hvort MS-konur geti haft börn sín á brjósti og fengið mænudehyfingu – svarið við báðum spurningum er já. Rannsóknir sýna að meðganga breytir ekki sjúkdómnum þó MS-konum líði oft betur á meðgöngu og séu kastalausar meðan á henni stendur. Þær konur sem hafa börn á brjósti fá ekki fleiri köst en þær sem gefa ekki brjóst og brjósttagjöf gæti einnig verndað gegn köstum eftir fæðingu. Þó þarf að athuga að í þeiri rannsókn var um lítið úrtak að ræða og niðurstöður ekki endilega marktækur, einnig vegna þess að þær konur sem ákveða að gefa brjóst eru oftar með mildari sjúkdóm. Konur með verri sjúkdóm fara beint á lyf eftir fæðingu og geta ekki gefið brjóst og því er erfitt að bera þessa hópa saman.

Prófessor Catherine Lubetzki hélt erindi um rannsóknir á endurgerð mýelíns. Hvað er mýelin? Mýelin er taugaslíður sem gerir hraðan flutning á taugaboðum

mögulegan. Hverjar eru afleiðingar eyðingar mýelíns? Þá minnkar leiðni tauganna sem leiðir til einkenna.

Endurgerð mýelíns getur átt sér stað. Nýja mýelínið verður ekki eins gott og það upprunalega en er þó til mikilla bóta. Oft á þó engin endurgerð sér stað og þá eyðast taugarnar eða skemmast sem leiðir til fötlunar sem gengur ekki til baka.

Margvíslegar rannsóknir eru í gangi á endurgerð mýelíns og fleiri fyrirhugaðar. Forvitnilegt verður að sjá útkomuna á næstu misserum.


Prófessor Patrick Vermersch hélt ítarlegt erindi um virkni kannabis í meðferð MS-einkenna, nánar tiltekið í formi munnuðalyfsins SATIVEX, þar sem „vímu“ áhrifum efnisins hefur verið eytt. Eins og kom fram á EMSP ráðstefnunni í Brussel í fyrra hafa áhrif lyfsins á spasma verið rannsökuð. Um 82% MS-fólk hafa einkenni spasma og 52% telja þau vera slæm. Spasmar eru eitt mest fatlandi einkenni MS-sjúkdómsins. Þriðja fasa rannsóknir sýna breytingar til hins betra á spösmum eftir meðferð með SATIVEX. Lyfið sýnir einnig góð áhrif á fleiri einkenni MS og hefur ekki miklar aukaverkanir. Engar sannanir eru um að notkun lyfsins sé ávana-bindandi né hafi slæm áhrif en frekari rannsóknir þess eðlis gætu verið nauðsynlegar. Talsverður hluti eða um helmingur bregst ekki við lyfinu. Hægt er að greina þann hóp eftir 4 vikna notkun.

Þá voru haldin nokkur erindi um ástand heilbrigðismála og stöðu MS-fólk í Serbíu, Portúgal og Póllandi.

Í Serbíu eru um það bil 6000 MS-sjúklingar og er MS ein helsta orsök fötlunar í landinu. Mjög fáir fá sjúkdómshamlandi meðferðir vegna bágs fjárhagsástands í landinu.

Í Portúgal eru um 5000 MS-sjúklingar og þar af fá 3500 sjúklingar meðferð. Aukinn þrýstingur er í landinu á að minnka eða lágmarka kostnað við allar meðferðir og auka greiðslubáttöku fyrir læknisaðstoð á sama tíma og aðgangur að ýmissi þjónustu minnkar, s.s. segulómun og ferðapjónustu.

Í Póllandi er ástandið ekki gott. Tímatakmarkanir á lyfjagjöf í Póllandi voru 3 ár en í ár hefur pólska MS-féluginu tekist að lengja hann í 5 ár. Það þýðir að hver sjúklingur fær eingöngu sjúkdómshamlandi lyf í 5 ár burtséð frá virkni lyfsins. Ekki eiga þó allir kost á slíkri meðferð heldur er hún einnig takmörkuð við tiltekinn aldur sjúklinga. Mjög strangar reglur gilda um lyfjagjöf. Pólska MS-félagið hefur myndað sterkt net stuðnings-





Viðurkenningar veittar fyrir þátttöku í ljósmyndaverkefninu *Under Pressure* á alþjóða MS-daginn.

manna sem vinna fyrir MS-sjúklinga. Í þeim hópi eru m.a. taugalæknar og 13 þingmenn.

Unga fólk

Eins og fyrr var sérstakur hluti ráðstefnunnar tileinkaður unga fólkini. Að auki hefur verið tekin upp sú regla að unga fólk eigi fulltrúa í stjórn EMSP og hlaut Emma Rogan frá Írlandi kosningu í embættið. Þátttaka á ungliðafundinum miðast við fólk undir 35 ára aldri sem tekur virkan þátt í starfi MS-félagsins í sínu landi, s.s. með stjórnarsetu.

Ísland átti ekki fulltrúa á fundinum en niðurstöðum er miðlað til allra þátttakenda. Þemað að þessu sinni var *kynferði* og *bungun* og hefur ítarleg skýrsla um vinnu hópsins á ráðstefnunni verið útbúin og hana má finna á vefsíðu samtakanna www.emsp.org.

Í stuttu máli eru þetta málefni sem eru ungu fólkí mjög hugleikin og að ræða mál, sem stundum eru álitin forboðin einkamál, á skýran og opinskáan hátt, var ein leið til að opna fyrir skoðanaskipti milli MS-félaga þvert yfir Evrópu. Þessi málefni eru mikilvæg grundvallarmálefni fyrir allt ungt fólk, hvort sem það er kynvist, samkynhneigt, með MS eða ekki með MS og hafa áhrif á okkur öll.

Under Pressure Ljósmyndaverkefnið

Greinarhöfundur tók þátt í sérstakri vinnustofu um ljósmyndaverkefnið Under Pressure. Verkefnið er á vegum EMSP og er því ætlað að varpa ljósi á það hvernig stefna í heilbrigðis- og félagsmálum hefur áhrif á daglegt líf MS-fólks í Evrópu. Ljósmyndararnir fylgdu þátttakendum eftir í daglegu lífi í ýmiskonar kringum-

stæðum sem eru dæmigerðar fyrir allt MS-fólk, með það að markmiði að sýna fram á mismunandi aðstæður í þátttökulöndunum hvað varðar:

- almennar aðstæður og sérstaka aðstöðu á heilsugæslustöðvum og endurhæfingarmiðstöðvum,
- möguleika á að búa á eigin heimili (þ.m.t. úrræði til aðlögunar) eða búsetu á stofnun,
- möguleika á atvinnupáttöku (þ.m.t. úrræði til aðlögunar), atvinnuleysi eða lífeyrisgreiðslur og
- hvernig aðstæður í daglegu lífi gera það meira eða minna erfitt að takast á við MS-sjúkdóminn í samanburði við önnur lönd.

Ljósmyndirnar sýna mannlegu hliðina á gagnasöfnunni í MS barómeter verkefni EMSP á lykilsviðum s.s.

- jöfnum rétti/aðgengi að meðferðum og þjónustu
- atvinnupáttöku
- þátttöku og valdeflingu (að vera félagslega og fjárhagslega virkur).

Þátttakendur komu frá Bretlandi, Eistlandi, Grikklandi, Hvítá-Rússlandi, Írlandi, Ítalíu, Póllandu, Rúmeníu, Spáni og Þýskalandi, auk Íslands. Á ljósmyndasýningunni eru 4 myndir frá Íslandi en til stendur að gefa út bækur og vefsíðu með afrakstri verkefnisins.

MS-félag Íslands þakkar íslensku þátttakendum kærlega fyrir einstaka velvild, þolinmæði og þolgæði og ekki síst það að hafa veitt okkur hinum dýrmæta innsýn í daglegt líf þeirra. Einnig ber að þakka bæði skjólstæðingum og starfsfólk MS Setursins fyrir einstakt umburðarlyndi og velvild við vinnslu verkefnisins. MS-felagið vonast til að fá ljósmyndasýninguna til Íslands á 45 ára afmæli félagsins á næsta ári. ■

Eins og að vera alltaf í krumpuðum sokkum

Viðtal og mynd: Páll Kristinn Pálsson

Pálína Hildur Ísaksdóttir er tæplega 43 ára gömul; fædd og uppalin á Neskaupstað. Lif hennar breyttist verulega mikið á stuttum tíma þegar hún greindist með MS fyrir ellefu árum.

„Þetta byrjaði með dofa í fótunum,“ sagði hún þegar ég heimsótti hana á Norðfirði einn góðviðrisdaginn í júlí síðastliðnum. „Ég var vön að ganga mikið, um fimm kílómetra á dag, en átti þarna allt í einu orðið erfitt með að stíga í lappirnar. Og einn daginn þá komst ég ekki nema stuttan spöl, hundrað metra eða svo ...“

Hvernig komstu ekki ...?

„Ég var bara alveg búin á því, svo rosalega þreytt. Þetta var mjög skrytið.“

Fannst þér þá eins og sumum að þú værir með steina í skónum?

„Ég er búin að vera með allt þetta. Og er ennþá. Líður alltaf eins og ég sé í krumpuðum sokkum og er sífellt að fara úr skónum og gá hvort það sé grjót eða eitthvað annað í þeim, kaldir fætur.“

Fórstu strax til læknis?

„Já, þetta var um áramót og ég var send suður í segulómun í febrúar. Það sáust hvítar skellur í heilanum og mér var sagt að þær gætu komið einu sinni á ævinni og síðan ekki söguna meir. Það yrði bara að sjá til hvernig þetta þróaðist. Ég var svo send aftur heim með bólgeyðandi lyf og gat ekkert unnið. Ég var að vinna við hárgreiðslu, nýbúin að opna mína eigin stofu, og varð alveg strand þarna í bili. Ég var kannski ekki svo þreytt í fótunum þegar ég vann í hárgreiðslunni en átti það til að fá rafstraum frá hálsi niður í hendur og einnig burfti í tvígang að sprauta vöðvaslakandi í öxlina á mér, því það var eins og allt klemmdist fast. Í maí talaði ég svo við John Benedikz og hann staðfesti að ég væri með MS.“

Þetta gekk svona hratt fyrir sig ...

„Já, þetta gekk ótrúlega hratt. Ég fór strax þetta ár í fjóra sterakúra og gat ekki unnið meira. Maðurinn minn

var á frystitogara og ég með þrjár ungar dætur, og allt í einu gat ég bara séð um heimilið, hafði enga umframorku í annað.“

Hvernig var svo framhaldið?

„Ég er með sjúkdómsgerðina bráðaköst með endurbata, en ég hef aldrei fengið göngugetuna aftur að fullu, ekki einu sinni þarna fyrst. Ég get kannski labbað mest two kílómetra á góðum degi. En ég hef getað sinnt heimilishaldinu. Ég prófaði reyndar að fara aftur í hárgreiðsluna eftir greininguna, en það gekk bara ekki. Ég varð að gefa hana upp á bátinn. Það var mér mjög erfitt og í langan tíma kom ég örsjaldan inn á hárgreiðslustofuna, það var hreinlega of sárt fyrir sálina.“

Varstu þá úrskurðuð öyrki?

„Já.“

Það hefur líka verið sjokk ...

„Já, það liðu bara nokkrir mánuðir. Þarna hafði ég verið full orku að opna mína eigin hárgreiðslustofu og eftir bara nokkra mánuði var ég orðin 75% öyrki með MS. Og eins og ég sagði þá hafði ég alltaf haft mikinn áhuga á útvist og allt í einu neituðu fæturnir bara að bera mig lengra en nokkur skref í einu.“

Hvernig tókstu á þessari nýju stöðu í lífi þínu?

„Ég bara sigldi einhvern veginn í gegnum þetta. Ég ætlaði mér alltaf að halda einhverju striki, fór bara að snúa mér að öðru sem ég réði við.“

Varstu ekki hrædd, til dæmis við að enda í hjólastól?

„Jú, ég sá það strax fyrir mér og eins að geta ekki sinnt stelpunum mínum. Sú yngsta var þá 5 ára, næsta 7 ára og sú elsta 12 ára.“

Hvernig brugðust þær við þessum breytingum?

„Þær tóku ekkert eftir þessu. Þær segjast aldrei hafa fundið fyrir því að ég var orðin veik. Ég gat líka einbeitt mér að því að vera með þeim. Við fengum okkur hesta og ég gat farið með þeim svoldið á hestbak, eða allt fram til 2009 þegar ég varð að hætta því.“

Hvernig hefur sjúkdómgangurinn síðan verið hjá þér?

„Ég hef fengið nokkur alvarleg köst um dagana. Þótt ókunnugir sjái ekkert að ég sé með þennan sjúkdóm þá



Pálína Hildur og Ögn á svölunum heima á Neskaupsstað.

þykir þeim sem þekkja mig mér hafa hrakað mikið í gegnum árin. Ég er verst seinnipart dagsins, þá er ég orðin þreytt og jafnvægislus, verð reikul í spori og þarf að halda mér í til stuðnings.“

Finnurðu fyrir þessu á hverjum degi?

„Já, núorðið geri ég það.“

Hafa verið einhverjir vendipunktar hjá þér hvað þetta varðar?

„Já, ég vil meina að það hafi verið í upphafinu, af því allt gekk þá svo hratt fyrir sig. Svo árið 2009 byrjaði jafnvægisleysið að há mér verulega og hefur gert það síðan. En sjúkdómurinn var auðvitað búinn að gera vart við sig áður en ég greindist. Ég get séð nokkur dæmi um það þegar ég lít til baka. Til dæmis var ég slæm þegar ég gekk með yngstu dóttur mína, þá fór ég á spítalann komin átta mánuði á leið og svimaði og var óglatt þótt ég sæti kyrr. Þá var ég bara send heim og sagt að ég væri einfaldlega þreytt verðandi móðir.“

Hvaða lyf hefurðu prófað?

„Ég fór fyrst á Rebif, en fékk mjög slæmar aukaverkánir af því og gafst upp eftir örfáa mánuði. Þá fór ég á Copaxone, sprautaði mig daglega með því um fjögurra ára skeið og það gekk ágætlega. Svo ákvað ég að prófa að hætta á því. Maður fær svo mikið af litlum hnúðum eftir hinar daglegu sprautur. Ég hafði aðallega sprautað mig í magann og framarlega í lærin og var öll úti í bólguum. Svo hef ég prófað Avonex, en hætti strax af því það fór svo illa í mig. Svo fór ég á Tysabri í eitt og hálftr ár, þurfti að fljúga suður einu sinni í mánuði til að fá það á spítalanum. Meðferðin gekk vel, en svo kom upp heilabólguflfellið þar sem viðkomandi lést. Ég hafði þá verið í átján mánuði á lyfinu og var sagt að áhrifin myndu vara í líkamanum í hálftr ár eftir að ég myndi hætta. Manni er sagt að mesta hættan á því að fá heilabólguna sé eftir um það bil tveggja ára notkun lyfsins og ég vildi draga úr henni. Að auki fékk ég svo heiftarlegt halsbrjósklos í



Pálína og fjölskyldan um það leyti sem hún greindist með MS.
F.v. Kristín Salín, Jóhanna Rannveig, Þórhildur Ösp og
Þórhallur Helgason

(Ljósmt. Bonni).

fyrra að ég átti erfitt með að sitja í flugi og lyfjameðferðinni – svo ég gafst upp. Það var í apríl í fyrra – og ég veit ekki alveg hvað tekur við. Mér líst ekki nógum vel á hugsanlegar aukaverkanir nýja lyfsins, Gilena, og vil bíða með að nota það uns traust reynsla er komin af

því. Ætli ég byrji bara ekki aftur á Copaxone, sem reyndist mér alveg ágætlega.“

Hvað gerirðu þá núna í glímunni við MS-einkennin?

„Ég geri ekkert sérstakt. Ég reyni að fara út að labba á hverjum degi, hef mjög gaman af því að vinna í garðinum mínum, og svo prjóna ég svolítið.“

Pú hefur dálđið komið að félagsmálum MS-fólks á Austurlandi, ekki satt?

„Ég get nú ekki sagt að ég hafi verið mjög aktif í því. Það var hringt í mig og spurt hvort mætti skrifa mig niður og hafa samband ef eitthvað verður gert í þeim efnum. En það hefur ekkert gerst ennþá og ég verð líka að segja að mér er mjög illa við að keyra um Oddskarðið á veturna, eins og þyrfti að gera ef félagsstarf kæmist á hér á Austurlandi.“

Eru þá ekki fleiri með MS á Neskaupstað?

„Jú, við erum held ég fjögur búsett hérna. Svo eru nokkrir á fjörðunum hér um kring.“

Það starf bíður þá eftir nýju Nordfjarðargöngunum?

„Við skulum segja það. Allt verður að minnsta kosti miklu auðveldara þegar þau koma.“

Hefur glíman við MS ekki breytt viðhorfum þínum til lífsins?

„Jú, það er óhjákvæmilegt að lífsviðhorfin breytist þegar maður stríðir við langvinnan sjúkdóm. Sérstaklega þegar hann kemur upp svona snemma á lífsleiðinni. Það er svo margt sem maður hafði ætlað að gera fyrir sig og sína sem verður ekki. Ég hef ekki sótt mikið í trúarbrögð eða slíkt eftir haldreipum í baráttunni. Mitt mottó hefur helst verið að hætti maður að reyna sé það sama og að tapa – svo ég held áfram að reyna. Mér þykir fólkí líka hætta til að skapa óþarfa stress í kringum hlutina. Það má vel vera að ég hafi gert það sjálf á sínum tíma en það geri ég ekki lengur.“ ■

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs

Reykjavík

A. Margeirsson ehf.
A. Wendel ehf.
Aðalvík ehf.
Allrahanda ehf.
Alvarr ehf. - boranir og verkfræðibjónusta
Alþýðusamband Íslands
Antikmunir
Antíksalan
Arctic rafting ehf.
Argos ehf.- Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arka Heilsuvörur ehf. -- www.arka.is
Arkitektastofan OG ehf
Arkís ehf. - Arkitektar
Athygli ehf.
Atvinnuhús ehf. - Fasteignasala
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Hvítá húsið ehf.
Auglýsingastofan Korter
Austri ehf.
ÁK Sjúkraþjálfun
Álfabjarg ehf.

Áman ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Ásfell ehf.
B.J. Endurskoðunarstofa hf.
Barnalæknabjónustan ehf.
Bein Lína ehf.
Ber ehf.
Bernhöftsbakarí ehf.
Best Western Hôtel Reykjavík
Betri bílar ehf.
Bianco Krunglunni
Bifreiðastillingar Nicolai
Bílálf, bílasala Klettháls 2
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf.
Blaðamannafélag Íslands
Bláfugl ehf.
Blómaverkstæði Binna ehf.
Boreal ehf. - Ferðapjónusta
Borgarbílastöðin ehf.
Borgarblöð ehf.

Borgarpylsur
Bókáutgáfan Hólar ehf.
Bókhaldsþjónustan Viðvik ehf.
Bólsturverk sf.
Brauðhúsíð ehf.
Brimdal ehf.
Bros-auglýsingavörur ehf.
Brúskur Hárstofa ehf.
BSR ehf.
BSRB
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Cafe konditori
Congress Reykjavík,
ráðstefnuþjónusta
Creditinfo Lánstraust ehf.
Danfoss hf.
Danica sjávarfurðir ehf.
Dansskóli Jóns Péturs og Köru sf.
Devitos Pizza við Hlemmur
Dímon Lína ehf.
Dómkirkjan
Dressmann ehf.
Dúklagnameistarinn ehf.
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund

E.F. Ben ehf.
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Efning stéttarfélag - www.eflingehf.is
Efnalaugin Úðafoss sf.
Eignamiðlunin ehf.
Eignaskipting ehf.
Elding Trading Company
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþóndi
Endurskoðendaþjónustan ehf.
Endurskoðun Flókagötu 65 sf.
Endurskoðun og reikningshald ehf.
Erla ehf.
Erluis
Ernst & Young
Esja Gæðafæði ehf.
Extón ehf.
Eyrr Fjárfestingafélag ehf.
Faris ehf
Fasteignasalan Garður
Fasteignasalan Húsið
Faxaflöahafnir
Fást hf. Heildverslun ehf.
Felgur-smiðja ehf.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs

Ferð og saga	Húsvernd ehf	Mannréttindaskrifstofa Íslands	Snyrtistofan Gyðjan ehf.
Ferill ehf. - Verkfræðistofa	Hvílist hf.	Markaðsráð kindakjöts - Landsamband sauðfjárbaðenda	Snaeland Grímsson ehf. Hópferðabílar
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Iceland Seafood ehf	Markó Partners ehf.	Sokkabúðin Cobra
Félagsbústaðir hf.	Icelandic Fish & Chips ehf.	Málarameistarar ehf.	Sparibíll ehf
Fírka málningarverktakar ehf.	Icelandic Group	Málarasmiðjan ehf.	Sportbarinn ehf.
Fjölder ehf.	IcePharma	Málþing ehf	Sprinkler-pípulagnir ehf.
Formprent	Íðjuþjálfafélag Íslands	MD Vélar ehf.	Stansverk ehf.
Fosshestar ehf.	ÍÐNÓ	Merkismenn ehf.	Stepp ehf.
Frakflutningar ehf.	Íðntré ehf.	Meyjarnar - Kvenfataverslun	Stólpí ehf.
Freyðing ehf.	Innco ehf.	Miðbæjarhársnyrtistofan	Styrktarfelag lamaðra og fatlaðra
Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík	iphone.is	Mirage slf.	Suzuki bílar hf.
Frumherji hf.	Í pokahorninu	Morgunblaðið Árvakur hf.	Sveinbjörn Sigurðsson hf.
Fræðslumiðstöð ÖÍ	Íslandspóstur hf.	Motus ehf.	Spímyndir
Fyrir alla.is	Ísleifur Jónsson ehf.	Múlakaffi	SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
G.Á. húsgögn ehf.	Íslensk endurskoðun ehf.	Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	Sýningakerfi ehf.
G.B. Tjónavíðgerðir ehf.	Íslensk erfðagreining	N & M ehf.	Sogn ehf.
Gallabuxnabúðin - Kringlunni	Íslenska auglysingastofan	NASDAQ OMX Kauphöllin á Íslandi	Talnakönnun
Garðmenn ehf.	Íslenska umbóðssalan hf.	Nexus	Tannlæknafélag Íslands
Gastec ehf.	Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.	Nova Bossanova	Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Gáski ehf. - Sjúkrapjálfun	Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.	Nói Siríus hf.	Tannlæknastofa Fridgerðar
Genís ehf.	Ísold ehf, hillukerfi - www.isold.is	Nýi ökuskoðinn ehf.	Samuelsdóttur
GG optik ehf	Ísólf ehf.	Nýja sendiblálastöðin hf.	Tannlæknastofa Guðrúnar
Gissur og Pálmi ehf.	Íþróttabandalag Reykjavíkur	Obladír ehf.	Haraldsdóttur
Gjögur hf.	J.K. Bílasmiðja hf.	Oddgeir Gylfason Tannlæknastofa	Tannlæknastofa Ingólfss Eldjárn
GLÁMA / KÍM Arkitektar ehf.	J.S. Gunnarsson hf.	Opin kerfi ehf.	Tannlæknastofa Jón Birgis
Glöye hf.	Jafnvægi - Aveda ehf	Opus lögmenn ehf.	Baldurssonar
Glófaxi ehf. blikksmiðja	Jarðfræðistofan ehf.	Orkuvirki ehf.	Tannlæknastofa Sigríðar Rósu
Gluggahreinsun Loga Guðjónssonar	Jens Guðjónsson hf.	ÓG Bygg ehf.	Tannlæknastofa Sigurjóns
Gluggasmíðjan ehf.	JGG ehf.	Ólafur Ágúst Þorbjörnsson	Arnlaugsson ehf.
Grandakaffi ehf.	Jón og Óskar	Ólmur snyrtivörur	Tannlæknastofan Glæssibæ
Grant Thornton endurskoðun	JP Lögmenn ehf.	Ósal ehf.	Tannréttingar sf.
Grensáskirkja	JS Hús	Parlogis hf.	Tannsmiðastofa Kristins Sigmarssonar
Grensásvideo ehf.	K. Norðfjörð ehf	Pétur Stefánsson ehf.	Tannsmiðri Marteins
Gríma Hárstofa	K. Péтурsson ehf.	PG Þjónusta ehf.	Tarzan ehf
Guðmundur Arason ehf. Smíðajárn	Kaffi paris	PH Eignir ehf.	Teiknistofan Tröð - tsts.is
Guðmundur Jónasson ehf.	Karl K. Karlsson hf.	Pixel Prentþjónusta ehf.	Teinar slf.
Gullkistan	Kirkjugarðar	Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b ehf.	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræð
Gullsmiðja Hansínu Jens ehf	Reykjavíkurþrófastsdæma	Poulson ehf.	Tískuverslunin Smart hf.
Gullsmiðurinn í Mjódd	Kj. Kjartansson hf.	Prentsmiðjan Oddi hf.	Tónastöðin ehf.
Gunnar Eggertsson hf.	Kjaran ehf.	PWC Legal	Tónskóli Guðmundar
Gyllti kötturinn ehf.	Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.	Rafás ehf	Trausti Sigurðsson tannlæknir
H.H. ráðstefnubjörnustan S: 8997467	Klöpp hf. vinnustofa Arkitektar-	Rafeindastofan Sónn ehf.	TREX Hópferðamiðstöðin ehf.
Haagensen ehf.	Verkfræðingar	Rafha ehf.	Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Hagverk ehf.	Knattspyrnusamband Íslands	Rafneisti ehf.	Túnþökuþjónustan ehf.
Hamborgarabúllan	Kokkurinn ehf.	Rafstilling ehf.	Tækni ehf.
Happdrætti Háskóla Íslands	KOM Almannatengsl	Rafsvið sf.	Tæknigarður hf.
Harka ehf.	Höfðatorgi	Raftíðni ehf.	Tólfar ehf.
Hárgreiðslustofa Heiðu	Kórral sf.	Raftækjajónustan sf.	Ullarkistan ehf.
Hárgreiðslustofa Höllu Magnúsdóttur	KPMG hf.	Rakarastofa Grims ehf.	Umslag ehf.
Hárgreiðslustofa Rannveigar	Kristján G. Gíslason ehf.	Rakarastofan Bartskerinn	Ungmennafélag Íslands
Hárgreiðslustofan Effect	KTM Ísland ehf	Rakarastofan sf.	Uno - Ítaliskur veitingastaður
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin	Kúlan söluturn, vidoleiga og ísbúð	RARIK hf.	Urriðafoss ehf.
Hárlausnir ehf.	Kvikk bjónustan ehf.	Reimþjónustan - Reimar og Bönd ehf.	Útfarárstofa Íslands ehf.
Hársnyrtistofan Aida	Lagnalagerin ehf.	Reykjavíkurborg	VA Arkitektar ehf.
Hársnyrtistofan Amadeus	Landar ehf.	Rossopomodoro veitingastaður	Valhöll fasteignasala ehf.
Hársnyrtistofan Duett	Landslag ehf.	S. Magnússon vélaleiga ehf.	Varahlutaverslunin Kistufell ehf.
Hársnyrtistofan Grand	Landsnet hf.	SÍ.B.S.	Varmás ehf.
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir sf.	Landssamband hestamannafélaga	Samtök atvinnulífsins	VDO - verkstæði ehf.
Heilsbrunnurinn ehf.	Laugardal	Sálarrannsóknarfélag Íslands	Veiðikortið.is
Heimabíó/James Bönd	Landssamband kúabænda	Securitas hf.	Verðlistinn v/Laugalæk
Heimsferðir hf.	Landssamband slökkviliðs- og sjúkralutningamanna	Seljakirkja	Verkfræðistofan Afl og Orka hf.
Helgason og Co. ehf.	Langholtskjör	Sigurborg ehf..	Verkfræðistofan VIK ehf.
Herrafataverslun Birgis ehf.	Láshúsíð ehf.	Sigurður Friðriksson	Verslun Þorsteins Bergmann ehf.
Hitastýring hf.	Legis ehf. Lögfræðistofa	Sínus ehf.	Verslunartækni ehf.
Hjálpræðisherinn á Íslandi	Leto ehf.	Sjálfssbjörg Landssamband Fatlaðra	Verslunin Kiss
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.	LETURPRENT	Sjófiskur Sjávarfiskur ehf	Verslunin Rangá sf.
Hljóðfæraverkstæði Guðmundar Stefánssonar	Listasafnið Hótel Holt ehf.	Sjóvélar ehf.	Verzlunarskóli Íslands
HM Flutningar ehf.	Litir og föndur - Handlist ehf.	Sjúkrapjálfun Héðins Savarssonar	Vesturgardur
Hollt og Gott ehf.	Litla bífasalan ehf.	Sjúkrapjálfunarstöðin ehf.	Vélar ehf.
Hótel Cabin ehf.	Litróhf.	Sjúkrapjálfunin Heil og Sæl ehf.	Vélvik ehf.
Hótel Frón	Lífstykkipjabúðin ehf.	Skapalón ehf	Við og Við sf.
Hótel Leifur Eiríksson ehf.	Ljósin ehf.	Skefjar hf.	Vilhjálmssson sf.
Hótel Óðinsvé	Loftstokkahreinsun ehf S. 5670882	Skóverslunin Bossanova hf.	Virka ehf.
Hreinsibílar ehf.	Lyfjaver apótek	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins	Vifilfell hf.
Hreinsitækni ehf.	Læknasetrið ehf.	SM Kvótapíng ehf.	VR
Hreyfill	Lögmannsstofa Marteins Mássonar ehf.	Smith & Norland hf.	Vörlusviptinger ehf.
Húsalagnir ehf.	Lögmannsstofa Ólafs G. Gústafssonar	Smurstöðin Klöpp ehf.	Vörublálastöðin Próttur
Húsagnaverslunin Öndvegi - Lifum ehf.	Lögmannsstofa Laugavegi 3 ehf.	Snyrtistofan Ársöl í Grímsbæ	Þaktak ehf.
	Löndun ehf.		Þrep ehf. Kvíkmyndagerð

Sólskinsvítamínið

Eftir Sigmundu Guðbjarnason, prófessor emeritus

D-vítamín er fituleysanlegt vítamín sem er í fremur fáum fæðutegundum. D-vítamín er einkum myndað í húðinni fyrir áhrif sólareislanna. Þetta vítamín er talið óvirkt, hvort sem það kemur úr fæðunni eða er myndað í húðinni, og verður tvívegis að undirgangast efna-breytingu í líkamanum til að ummyndast í hið virka form



Sigmundur Guðbjarnason

Vítamín eða hormón, hver er munurinn?

Vítamín eru lífsnauðsynleg efni sem líkaminn framleiðir ekki sjálfur en verður að fá úr fæðunni. Hormón er lífsnauðsynlegt efni, raunar boðefni, sem líkaminn framleiðir. D-vítamín er bæði vítamín og hormón, þ.e. líkaminn framleiðir eigið D-vítamín í húðinni með aðstoð orkuríkra geisla sórljóssins (sólskinsvítamínið) en það dugar yfirleitt ekki og þarf líkaminn jafnframt að fá D-vítamín úr fæðunni eða sem fæðubótarefní.

Það eru 5 efni sem flokkast sem D-vítamín en algengust eru D2- og D3-vítamín. D3-vítamín (cholecalciferol) er framleitt í húð manna og hryggdýra en D2-vítamín (ergocalciferol) er framleitt af plöntum, samanlagt eru þau kölluð D-vítamín. D-vítamín er líffræðilega óvirkt hvort sem það kemur úr fæðu eða er framleitt í húðinni en það fer síðan út í blóðrásina og er ferjað til lifrarinnar með því að binda það við prótein, þar sem D - vítamín er virkjað að hluta (breytt í calcidiol) og þaðan fer það til nýrnanna þar sem því er breytt í virka formið (1,25 dihydroxy-D vítamín) eða calcidiol.

Nýlegar rannsóknir dr. Heklu Sigmundsdóttur ónæmisfræðings og samstarfsmanna við Stanford háskóla (1) sýna hins vegar að hið virka D3 - vítamín getur einnig myndast í húðinni sjálfri með hjálpu bæði húðfruma í leðurhúð (epidermis) og ákveðinna fruma

ónæmiskerfisins sem eru í húðinni. Þetta virka form D-vítamíns gæti því hugsanlega tekið þátt í að vernda húðina með því að senda boð eftir T frumum ónæmiskerfisins sem eru m.a. mikilvægar í vörnum gegn sýkingum. Hóflegt sólbað gæti þannig verið gott fyrir ónæmiskerfið með því að laða T varnarfrumur að húðinni, en hún er stærsta líffæri mannsins og verður fyrir stöðugum árásum baktería og fleiri sýkla (1)..

Hver er þörfin fyrir D-vítamín?

Á árum áður voru menn smeykir við D-vítamín eitrun og mæltu aðeins með teskeið af lýsi fyrir fullorðna. Nú mæla menn með matskeið af lýsi og ekki meira af ótta við A-vítamín eitrun. Opinberar ráðleggingar í Bandaríkjum eru þær að ung börn (ársgömul eða yngri fái 400 einingar (IU) á dag en þeir sem eru eldri fái 600 IU. Flestar ráðleggingar mæla hins vegar með því að fólk taki 1000-2000 einingar (IU) á dag og um 1 g af kalsíum. Efri mörkin eru talin vera 4000 IU fyrir fullorðna.

Sólrvörn.

Til að fyrirbyggja sólbruna og hugsanlega húðkrabba mein af völdum sólarinnar er mælt með notkun á sólrvörn sem verndar húðina. Mælt er með því að fólk láti sólina skína á húðina óvarða í 10-15 mínútur á dag en noti síðan sólrvörnina til að hindra skaðleg áhrif UV geisla sólar á húðina. Mikilvægt er að lesa leiðbeiningar sem fylgja sólrvörninni því margskonar vörur eru í boði.

D-vítamín eitrun.

Ef neysla á D - vítamíni er meiri en 10.000 IU á dag í 5 mánuði er hægt að fá D-vítamín eitrun. A-vítamín er mun eitraðra en D - vítamín og er talið að menn hafi dáið úr A - vítamín eitrun ef þeir borðuðu t.d. lifur úr ísbjörnum sem er mjög A - vítamín rík.

Helstu einkenni D-vítamín eitrunar? Oft er erfitt að greina D-vítamín eitrun en hún er mælanleg þegar 25-D-vítamín fer yfir 200 ng/ml. Eitrun fylgir hækku á kalsíum, (hypercalcemia) og einnig oft of mikið fosfat eða hyperfosfatemia, sem geta valdið kölkun í nýrum, aukið hættu á nýrnasteinum og aukið hættu á æðakölkun sem getur leitt til dauða. Aukið kalsíum í blóði getur valdið hægðatregðu, þunglyndi, auknum þorsta og þá koma aukin þvaglát, rugl og breytingar á hjartalínuriti.

Hverjar eru afleiðingar D-vítamín skorts?

Beinkröm í börnum þ.e. útlimir verða bognir, rifbeinin aflagast og geta orðið eins og fuglsbringa, of lítið kalsíum getur valdið krampa. Beinmeira í fullorðnum, beinin verða mjúk, verkir í beinum. Vöðvar verða máttlitlir og verkir.

Áhrif D-vítamíns á ýmsa sjúkdóma

Krabbamein. Margar tegundir krabbameinsæxla hafa viðtaka fyrir D-vítamín, þ.e. D-vítamín hefur þar eitt hvert hlutverk. Þetta eru brjóstakrabbamein, lungna-, húð- (melanoma), ristil- og beinkrabbamein. D-vítamín og efni sem myndast úr því örva frumusérhæfingu og hindra frumufjölgun en slíkt heftir fjölgun á krabbameinsfrumum.

Sjálfsofnæmi: Sykursýki 1, MS sjúkdómur og liðagigt eru dæmi um sjálfsofnæmis-sjúkdóma. Ónæmiskerfið ræðst t.d. á beta-frumur eða Langerhans frumur í brisi og hindrar insúlin framleiðslu sem veldur þá sykursýki 1. Í MS sjúkdómi er ráðist á frumur sem mynda myelin einangrunarefni fyrir taugafrumur og í liðagigt er ráðist á frumur sem mynda collagen eða prótein sem er mjög mikilvægt fyrir liðina. Rannsóknir benda til þess að D-vítamín dragi úr hættu á þessum sjálfsofnæmissjúkdómum.

Háþrystingur? Faraldsfræðilegar rannsóknir benda til þess að D-vítamín geti dregið úr hættu á háum blóðþrystingi. Þeldökkt fólk og þeir sem búa norðarlega á hnettinum eru líklegrir til að fá háþrysting, skortir sólskinsvitamínið.

D-vítamín í fæðu: Eftirfarandi fæða hefur D-vítamín: borska- og ufsalýsi, feitur fiskur (síld, silungur, makrill og lax), eggjarauða, lifur og þorskalifur. Hákarlalýsi og

omega-3 afurðir innihalda yfirleitt ekki D-vítamín. Íbætt D-vítamín í fjörmjólk, Dreitil, Flora Pro-Active smjörlíki, ISIO4 matarolíá.

Íslenskar rannsóknir:

D-vítamín hefur verið rannsakað töluvert af íslenskum vísindamönnum. Gunnar Sigurðsson prófessor (2) hefur rannsakað D-vítamín búskap Íslendinga en einnig Laufey Steingrímsdóttir prófessor (3) og fleiri vísindamenn hér á landi.

Að minnsta kosti þriðjungur fullorðinna nær ekki æskilegum mörkum af D-vítamíni og 10-15% eru með mjög lágt D-vítamín í blóði. Algjör skortur á D-vítamíni (sjaldgæft á Íslandi) leiðir til alvarlegs sjúkdóms, beinkröm í börnum og beinmeiru í fullorðnum. Ónógt D-vítamín leiðir til minni vöðvakrafts og aukinnar áhættu á vissum tegundum krabbameina. 75% af þeim sem eru 70 ára og eldri taka lýsi daglega eða D-vítamín töflur og rúmur helmingur fólks á aldrinum 60-70 ára, en miklu færri þeirra sem eru yngri en sextugt. Ekki er talið æskilegt að fara yfir 50 ug af D-vítamíni á dag (2000 IU) yfir lengri tíma fyrir fullorðna en það mundi samsvara 5 barnaskeiðum af þorskalýsi.

Inga Þórssdóttir prófessor (4) og samstarfskonur (Rannsóknarstofa í næringarfræði) hafa kannað neyslu á fisi og lýsi meðal 11 ára barna í Reykjavík. Rannsóknirnar sýndu að fiskneysla 11 ára barna er minni en æskilegt getur talist meðal barna á þessum aldri og allt of fá börn taka lýsi. Stór hluti barna á þessum aldri fær líklega ekki nægilegt D-vítamín, en fiskur og lýsi eru megin uppsprettu D-vítamíns í matnum.

D-vítamín og daglega lífið.

D-vítamín og matreiðsla. D-vítamín þolir suðu, glatast ekki þegar fiskur er soðinn. 50% af D-vítamíni tapast við steikingu á fiski í olíu, betra að baka fiskinn eða grilla.

Færðu D3-vítamín ef sólin skín í gegnum glerrúðuna? Nei, glerið hleypir ekki UV-geislum í gegn.

Hefur aldur áhrif á D3-vítamín myndun í húðinni? Já en framleiðsla er samt nægileg hjá öldruðum.

Hve mikið kalsíum er rétt að taka með 1000 IU D3-vítamín? Um 1000 mg af kalsíum á dag.

Hvenær dags er mest af D3-vítamíni myndað í sólbaðinu? Frá kl. 12-14 á daginn.

Þolir D-vítamín að mjólkini sé soðin? Já, D vítamín þolir suðu.

Er hætta á að D3- vítamín verði þvegið af húðinni eftir sólbað? Nei, D vítamín er myndað í frumunum í húðinni og verður ekki þvegið af.

Þarf ég að taka D- vítamín á sumrin? Á sólríkum svæðum er það ekki nauðsynlegt en á Íslandi er sólskinið stopult og því þörf á D vítamín viðbót.

Hvernig er heppilegt að gefa smábörnum D-vítamín? Gefa þeim vítamín dropa.

Hvað eiga börn að taka mikið D- vítamín? Smábörn eiga að fá um 400 IU/dag en börn eldri en ársgömum gætu tekið 600 IU.

Á feitt fólk að taka meira D- vítamín? Feitt fólk ætti að taka tvöfaldan eða jafnvel þrefaldan skammt.

Hafa lýsisbelgir D- vítamin? Það verður að athuga hvort lýsið er þorskalýsi eða laxalýsi en oft er búklýsi notað sem hefur verið hreinsað og er snautt af A og D vítamínum. Þorskalýsi er best að taka en taka aðeins eina matskeið á dag.

Hvað eiga þungaðar konur að taka mikið D-vítamín? Taka fjölvítamín með 400 IU og að auki fæðubótarefnni með 1000 IU/dag.

Er gagn að því að taka D- vítamín ef þú hefur verið greind með krabbamein? Það er ekki vitað hvort D- vítamín gagnast við að hefta vöxt á krabbameini en það er mikilvægt að taka nægilegt D vítamín. D- vítamín truflar ekki lyfjameðferð.

Er nauðsynlegt að hafa 60-80 ng/ml af 25-D-vítamín til að hindra krabbamein? Það er ekki vitað en almennt er æskilegt að hafa D- vítamín 60-80 ng/ml.

Eru tengsl á milli D- vítamín skorts og skertrar starfsemi skjaldkirtils (hypothyroidisma)? Nei. ■

Heimildir:

1. DCs metabolize sunlight-induced vitamin D3 to 'program' T cell attraction to the epidermal chemokine CCL27. **Sigmundsdóttir H, Pan J, Debes GF, Alt C, Habtezion A, Soler D, Butcher EC.** *Nat Immunol.* 2007; 8(3): 285-293.
2. D-vítamín búskapur fullorðinna Íslendinga. **Gunnarsson Ö, Indriðason ÓS, Franzson L, Halldórsdóttir E, Sigurðsson G.** *Læknablaðið* 2004; 90(1): 29-36.
3. Hvarfefni D-vítamíns í sermi aldraðra og áhrif D-vítamínskorts á tíðni brota í lærleggsþála á Íslandi. **Steingrimsdóttir L, DeLuca HF.** *Læknablaðið* 1988;74: 73-75.
4. Fisk- og lýsneysla 11 ára barna í Reykjavík. **Arnardóttir HE, Birgisdóttir BE, Þórssdóttir I.** *Tímarit um rauvnísindi og stærðfræði.* 2005; 3(1): 99-103. (raust.is/2005/1/10).

Mundu mig



